

Afkoma af rekstri fyrstu sex mánuði ársins í samræmi við væntingar

Helstu atriði í afkomu annars ársfjórðungs 2019

- **Tekjur námu 167,5 milljónum evra og lækkuðu um 5,1 milljónir eða 3,0% frá sama ársfjórðungi 2018**
 - Magn í áætlunarsiglingum minnkaði um 4,8% vegna minni innflutnings til Íslands og minni útflutnings í lok fjórðungsins.
 - Magn í flutningsmiðlun minnkaði um 14,0% en hagnaðurinn af flutningsmiðlun var sambærilegur og á sama tímabili í fyrra vegna aukinnar framlegðar.
- **Launakostnaður lækkar á milli tímabila um 5,2% og annar rekstrarkostnaður lækkaði um 1,2% án áhrifa IFRS 16**
- **EBITDA nam 18,5 milljónum evra á öðrum ársfjórðungi 2019 eða 13,2 milljónum án áhrifa IFRS 16 samanborið við 14,9 milljónir á sama ársfjórðungi síðasta árs sem er lækkun um 11,8%**
 - EBITDA í ársfjórðungnum var örlítið undir væntingum sem má helst rekja til minna magns í gámaflutningum.
- **Hagnaður á ársfjórðungnum nam 2,7 milljónum evra samanborið við 4,6 milljónir evra á sama ársfjórðungi 2018.**
- **Handbært fé frá rekstri í lok tímabilsins (án áhrifa IFRS 16) jókst verulega og nam 17,4 milljónum evra samanborið við 8,0 milljónir í lok sama ársfjórðungs 2018.**

Helstu atriði í afkomu fyrstu sex mánuði ársins 2019

- **Tekjur námu 331,5 milljónum evra og hækkuðu um 3,3 milljónir eða 1,0% frá sama tímabili 2018**
- **EBITDA nam 34,0 milljónum evra eða 23,8 milljónum án áhrifa IFRS 16 samanborið við 22,2 milljónir fyrir sama tímabil á síðasta árs sem er aukning um 7,2%**
- **Hagnaður tímabilsins nam 0,1 milljón evra samanborið við 3,0 milljónir evra fyrir sama tímabil 2018.**
 - Neikvæð einskíptis skattaleg áhrif að fjárhæð 3,4 milljónir evra hafa áhrif á afkomu tímabilsins. Án þessa einskíptis liðar væri hagnaður 3,5 milljónir evra.
- **Fjárfestingar tímabilsins námu 21,7 milljón evra samanborið við 24,2 milljón evra fyrir sama tímabil 2018. Þar af voru nýfjárfestingar 14,7 milljónir að stærstum hluta vegna nýsmíði á tveimur skipum, kaup á nýjum krana og framkvæmdum á hafnarsvæðinu honum tengdum.**
- **Handbært fé frá rekstri í lok tímabilsins (án áhrifa IFRS 16) jókst verulega og nam 28,5 milljónum evra samanborið við 10,0 milljónir í lok sama tímabils 2018.**
- **Eigið fé nam 232,9 milljónum evra í lok tímabilsins og eiginfjárlutfallið nam 44,2%. Eiginfjárlutfallið var 47,3% án áhrifa IFRS 16 en til samanburðar var eiginfjárlutfallið 49,1% í árslok 2018.**
 - Arður að fjárhæð 4,7 milljón evra var greiddur á öðrum ársfjórðungi.
 - Endurkaupaáætlun var virkjuð á öðrum ársfjórðungi og keypti félagið hlutabréf að fjárhæð 1,9 milljón evra á markaðsvirði.
- **Skuldsetningarhlutfall var 2,80 í lok annars ársfjórðungs 2019 en án áhrifa IFRS 16 var hlutfallið 2,68 samanborið við 2,80 í lok árs 2018 sem er jákvæð þróun á milli tímabila.**
- **Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2019 er EBITDA á bilinu 51 til 57 milljónir evra.**

VILHELM MÁR ÞORSTEINSSON, FORSTJÓRI

„Afkoma Eimskips á fyrstu sex mánuðum ársins var í takti við væntingar. Tekjur og EBITDA á öðrum ársfjórðungi voru lítillega fyrir undir væntingum sem skýrist að mestu leyti af minna magni í gámaflutningum til og frá Íslandi og Færeyjum.

Okkar fjölbreytta alþjóðlega starfsemi skilaði betri afkomu á fyrstu sex mánuðum ársins en á sama tímabili í fyrra. Sérstaklega er gaman að nefna að starfsemin okkar í Noregi hélt áfram að bæta afkomu sína í kjölfar ýmissa hagræðingaraðgerða þrátt fyrir minna magn í frystiflutningum en félagið rekur nú tveimur færri skip í Noregi miðað við sama tímabil í fyrra. Flutningsmagn í Trans-Atlantic flutningum hélt áfram að aukast sem hafði jákvæð

áhrif á starfsemi okkar í Norður-Ameríku. Útflutningsmagn í Færeyjum minnkaði á ársfjórðungnum vegna minni veiða á botnfiski og minnkunar á frystum uppsjávarafurðum. Magnið í flutningsmiðlun á alþjóðamörkuðum minnkaði á Q2 samanborið við sama tímabil í fyrra en það hafði ekki áhrif á afkomu vegna betri framlegðar.

Í kjölfar góðrar afkomu í gámasiglingakerfinu á fyrri ársfjórðungi 2019, var afkoman á öðrum ársfjórðungi lituð af töluvert minna magni í innflutningi vegna kólnunar í íslenska hagkerfinu. Útflutningur var sterkur fyrstu fimm mánuði ársins en magnið minnkaði töluvert í júní og júlí en hefur verið að aukast aftur í síðari hluta ágúst. Þessa minnkun má rekja til seinkaðra áhrifa af loðnubresti og því að sjávarútvegsfyrirtæki sneru sér að veiðum á öðrum tegundum þar til kvóta var náð fyrr en á sama tíma í fyrra. Að auki var magn af makríl frá Grænlandi, sem landað hefur verið á Íslandi fyrir útflutning, umtalsvert minna en á sama ársfjórðungi í fyrra. Innanlandsstarfsemi t.d. innanlandsflutningar og vöruhúsastarfsemi varð einnig fyrir neikvæðum áhrifum af lægra magni á Q2.

Undanfarið höfum við verið að endurskoða gámasiglingakerfið okkar með tilliti til lægra flutningsmagns með það að markmiði að lækka fastan rekstrarkostnað, tryggja áfram hátt þjónustustig til viðskiptavina og undirbúa jarðveginn fyrir samstarfið við Royal Arctic Line. Markmiðið er að kynna aðlagað siglingakerfi síðar á þessu ári, vinnan gengur vel og við erum viss um að við munum áfram bjóða upp á besta siglingakerfið til og frá Íslandi og Færeyjum. Við eigum von á nýju skipunum, sem eru í smíðum í Kína, nokkrum vikum síðar á fjórða ársfjórðungi en áætlað var og að samstarfið við Royal Arctic Line hefjist á fyrsta ársfjórðungi 2020.

Síðustu mánuði höfum við unnið að ýmsum verkefnum sem miða að því að hagræða í starfseminni okkar, auka arðsemi og framleiðni. Samþættingarverkefnum tengdum TVG-Zimsen lauk á fjórðungnum og við erum farin að sjá árangurinn af þeim nú á þriðja ársfjórðungi. Ég er einnig ánægður að sjá að þær hagræðingaraðgerðir sem við fórum í á fyrsta ársfjórðungi í stoðeiningum byrjuðu að skila sér í lægri kostnaði á öðrum ársfjórðungi.

Stjórnendur Eimskips leggja mikla áherslu á gott sjóðstreymi og það var ánægjulegt að sjá að sjóðstreymi frá rekstri jókst töluvert á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við saman tímabil í fyrra. Við vinnum nú að hugmyndum að framtíðar fjármagnsskipan félagsins ásamt þriggja ára áætlun fyrir viðhaldsfjárfestingar sem við vonumst til að kynna síðar á þessu ári.

Tekin hefur verið ákvörðun um að skoða sölu á Sæferðum sem er dótturfélag Eimskips og starfar í sjótengdri ferðapjónustu. Vonumst við til að fá niðurstöðu í það á næstu mánuðum.

Stjórn Eimskips hefur samþykkt að hefja vinnu við að sameina höfuðstöðvar Eimskips í skrifstofurými félagsins í Vöruhótelinu og taka upp verkefna miðað vinnuumhverfi. Í tengslum við þetta verkefni væntum við þess að minnka skrifstofurými Eimskips við Sundahöfn um 50% sem mun skila jákvæðum fjárhagslegum ábata. Þetta er í takti við þá stefnu stjórnenda að auka arðsemi af grunnrekstri félagsins og ég hlakka til þess að geta boðið starfsmönnum okkar uppá nútímalegra vinnuumhverfi þar sem samvinna mun aukast, samskiptalínur styttest sem er félaginu, viðskiptavinum og starfsmönnum til hagsbóta.

LYKILTÖLUR

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTRARREIKNINGUR	Q2 2019	Q2 2018	Breyting	%	6M 2019	6M 2018	Breyting	%
Rekstrartekjur	167,535	172,631	(5,096)	(3.0%)	331,523	328,163	3,360	1.0%
Rekstrargjöld	149,043	157,718	(8,675)	(5.5%)	297,509	305,999	(8,490)	(2.8%)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	18,492	14,913	3,579	24.0%	34,014	22,164	11,850	53.5%
Afskriftir	(13,391)	(7,918)	(5,473)	69.1%	(26,469)	(15,725)	(10,744)	68.3%
Rekstrarhagnaður - EBIT	5,101	6,995	(1,894)	(27.1%)	7,545	6,439	1,106	17.2%
Hrein fjármagnsgjöld	(1,606)	(901)	(705)	78.2%	(2,904)	(2,015)	(889)	44.1%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	85	(345)	430	-	1	(1,015)	1,016	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3,580	5,749	(2,169)	(37.7%)	4,642	3,409	1,233	36.2%
Tekjuskattur	(929)	(1,134)	205	-	(4,504)	(380)	(4,124)	1,085.3%
Hagnaður tímabilsins	2,651	4,615	(1,964)	(42.6%)	138	3,029	(2,891)	(95.4%)
Hagnaður (tap) á hlut í evrum	0.0136	0.0242			(0.0003)	0.0155		
Tekjubreyting	(3.0%)	1.1%			1.0%	4.4%		
EBITDA / rekstrartekjur	11.0%	8.6%			10.3%	6.8%		
EBIT / rekstrartekjur	3.0%	4.1%			2.3%	2.0%		
Nettóskuldir / LTM-EBITDA	2.80	2.41			2.80	2.41		
LTM Arósemi eiginfjár	1.9%	6.4%			1.9%	3.1%		
IFRS 16 aðlagð:								
Rekstrargjöld	154,385	157,718	(3,333)	(2.1%)	307,741	305,999	1,742	0.6%
EBITDA	13,150	14,913	(1,763)	(11.8%)	23,782	22,164	1,618	7.3%
Afskriftir	(8,135)	(7,918)	(217)	2.7%	(16,522)	(15,725)	(797)	5.1%
EBIT	5,015	6,995	(1,980)	(28.3%)	7,260	6,439	821	12.8%
EFNAHAGSREIKNINGUR	30.06.2019	30.06.2018	Breyting	%	30.06.2019	31.12.2018	Breyting	%
Eignir	527,021	477,105	49,916	10.5%	527,021	486,296	40,725	8.4%
Fastafjármunir	372,409	325,766	46,643	14.3%	372,409	335,172	37,237	11.1%
Veltufjármunir	154,612	151,339	3,273	2.2%	154,612	151,124	3,488	2.3%
Eigið fé	232,856	237,086	(4,230)	(1.8%)	232,856	238,926	(6,070)	(2.5%)
Skuldir	294,165	240,019	54,146	22.6%	294,165	247,370	46,795	18.9%
Langtímaskuldir	183,252	135,344	47,908	35.4%	183,252	140,753	42,499	30.2%
Skammtímaskuldir	110,913	104,675	6,238	6.0%	110,913	106,617	4,296	4.0%
Vaxtaberandi skuldir	197,734	150,347	47,387	31.5%	197,734	159,593	38,141	23.9%
Nettóskuldir	170,761	128,830	41,931	32.5%	170,761	137,652	33,109	24.1%
Efnislegar eignir / heildareignir	87.3%	86.1%			87.3%	86.0%		
Eiginfjárlutfall	44.2%	49.7%			44.2%	49.1%		
SJÓÐSTREYMI	Q2 2019	Q2 2018	Breyting	%	6M 2019	6M 2018	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	22,537	8,019	14,518	181.0%	37,931	10,007	27,924	279.0%
Fjárfestingarhreyfingar	(12,290)	(10,914)	(1,376)	12.6%	(20,155)	(24,755)	4,600	(18.6%)
Fjármögnunarhreyfingar	(8,756)	1,869	(10,625)	-	(11,945)	12,401	(24,346)	(196.3%)
Breyting á handbæru fé	1,491	(1,026)	2,517	-	5,831	(2,347)	8,178	(348.4%)
Handbært fé í upphafi tímabils	26,684	21,614	5,070	23.5%	21,941	23,169	(1,228)	(5.3%)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1,202)	929	(2,131)	-	(799)	695	(1,494)	-
Handbært fé í lok tímabils	26,973	21,517	5,456	25.4%	26,973	21,517	5,456	25.4%

REKSTUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS 2019

Rekstrartekjur Eimskips á öðrum ársfjórðungi 2019 námu 167,5 milljónum evra samanborið við 172,6 milljónir á sama tímabili 2018 og lækkuðu um 5,1 milljón eða 3,0%. Flutt magn í áætlunarsinglum lækkaði um 4,8% vegna minni innflutnings til Íslands og minni útflutnings í lok ársfjórðungsins. Magn í flutningsmiðlun lækkaði um 14,0% á milli tímabila, en hagnaðurinn var sambærilegur og á sama tímabili í fyrra vegna aukinnar framlegðar.

Rekstrargjöld félagsins námu 149,0 milljónum evra samanborið við 157,7 milljónir á sama tímabili 2018 sem er lækkun um 8,7 milljónir. Eimskip tók upp nýja reikningskilastaðalinn IFRS 16, um meðhöndlun rekstrarleiguskuldbindinga, frá og með 1. janúar 2019. Ef leiðrétt er fyrir áhrifum IFRS 16 námu rekstrargjöld 154,4 milljónum evra sem er lækkun um 2,1% frá sama tíma 2018. Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 1,9 milljón evra á milli ára eða um 5,2%.

EBITDA fjórðungsins nam 18,5 milljónum evra eða 13,2 milljónir evra ef leiðrétt er fyrir áhrifum IFRS 16, samanborið við 14,9 milljónir á sama tíma 2018 sem er lækkun um 1,7 milljónir. EBITDA fjórðungsins var örlítið undir væntingum sem skýrist að mestu af minna magni í gámaflutningum.

Afskriftir námu 13,4 milljónum evra á öðrum ársfjórðungi 2019 samanborið við 7,9 milljónir á sama tíma 2018. Án áhrifa IFRS 16 voru afskriftir 8,1 milljón evra sem er aukning um 0,2 milljónir.

Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 2,6 milljónum evra samanborið við 4,6 milljónir evra á sama tíma 2018.

REKSTUR FYRSTU 6 MÁNUÐI ÁRSINS 2019

Rekstrartekjur Eimskips á tímabilinu námu 331,5 milljónum evra samanborið við 328,2 milljónir á sama tímabili 2018 og hækkuðu um 3,3 milljónir eða 1,0%. Flutt magn í áætlunarsiglingum lækkaði um 0,3% þar sem Trans-Atlantic flutningar frá Íslandi jukust en magn í gámaflutningum til Íslands dróst saman. Magni í flutningsmiðlun lækkaði um 6,9% á milli tímabila sem skýrist að mestu á samdrætti í flutningsmiðlun á þurrvöru í Asíu, hins vegar eru áhrifin óveruleg vegna betri framlegðar.

Rekstrargjöld félagsins námu 297,5 milljónum evra samanborið við 306,0 milljónir á sama tímabili 2018 sem er lækkun um 8,5 milljónir. Rekstrargjöld án áhrifa IFRS 16 námu 307,7 milljónum evra sem er lækkun um 0,6% frá sama tímabili 2018. Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 2,9 milljón evra á milli ára eða um 4,2%.

EBITDA fyrstu sex mánuði ársins nam 34,0 milljónum evra samanborið við 22,2 milljónir á sama tíma 2018 og hækkaði um 11,8 milljónir. Ef leiðrétt er fyrir áhrifum IFRS 16 var EBITDA tímabilsins 23,8 milljónir evra sem er lækkun um 1,6 milljónir. Helstu ástæður fyrir lækkun í EBITDA á milli ára eru viðsnúningur í afkomu í Noregi, áframhaldandi vöxtur í Trans-Atlantic flutningum, jákvæður vöxtur í frystiflutningsmiðlun og þá eru hagræðingar- og skipulagsaðgerðir byrjaðar að skila sér.

Afskriftir námu 26,5 milljón evra á tímabilinu samanborið við 15,7 milljónir á sama tíma 2018. Án áhrifa IFRS 16 voru afskriftir 16,5 milljónir evra sem er aukning um 0,8 milljónir.

Á fyrsta ársfjórðungi 2019 var gjaldfærður einskis skattakostnaður að fjárhæð 3,4 milljónir evra í kjölfar úrskurðar Yfirskattaneftdar.

Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 0,1 milljón evra samanborið við 3,0 milljónir evra á sama tíma 2018. Ef horft er framhjá einskis skattakostnaði væri hagnaður 3,5 milljónir evra.

EFNAHAGUR

Heildareignir námu 527,0 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs 2019 samanborið við 486,3 milljónir í lok árs 2018. Fastafjármunir námu 372,4 milljónum evra samanborið við 335,2 milljónir í lok síðasta árs. Vegna áhrifa IFRS 16 kom inn nýr eignaliður undir fastafjármuni vegna nýtingarréttar leigueigna og nemur sú fjárhæð 34,6 milljónum evra í lok tímabilsins.

Veltufjármunir námu 154,6 milljónum evra samanborið við 151,1 milljón í árslok 2018. Handbært fé nam 27,0 milljónum evra samanborið við 21,9 milljónir í árslok 2018. Viðskiptakröfur lækkuðu úr 124,1 milljón evra í árslok 2018 í 122,0 milljónir.

Eigið fé nam 232,9 milljónum evra í lok tímabilsins sem er lækkun um 6,0 milljónir sem skýrist af stærstum hluta af arðgreiðslu að fjárhæð ISK 653,2 milljónum eða um 4,8 milljónum evra sem var til greidd í apríl og endurkaupaáætlun hlutabréfa en félagið keypti 1,9 milljón evra á markaðsvirði. Eiginfjárlutfallið var 44,2% en til samanburðar var eiginfjárlutfallið 49,1% í árslok 2018. Eiginfjárlutafall án áhrifa IFRS 16 var 47,3%.

Vaxtaberandi skuldir námu 197,7 milljónum evra í lok tímabilsins og hækkuðu úr 159,6 milljónum í árslok 2018. Án áhrifa IFRS 16 námu vaxtaberandi skuldir 163,2 milljónum evra. Félagið hefur tryggt sér langtíma fjármögnun að fjárhæð um 47 milljónir evra tengdri fjárfestingu í nýsmíði tveggja skipa.

Skammtímaskuldir námu 110,9 milljónum evra í lok tímabilsins samanborið við 106,6 milljónir í árslok 2018.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

Handbært fé frá rekstri nam 37,9 milljónum evra á tímabilinu samanborið við 10,0 milljónir miðað sama tímabil 2018. Án áhrifa IFRS 16 var handbært fé frá rekstri 28,5 milljónir evra og er um umtalsverða aukningu að ræða milli tímabila.

Nettó fjárfestingahreyfingar námu 20,2 milljónum evra samanborið við 24,8 milljónir miðað við sama tímabil 2018. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 21,7 milljónum evra og þar af voru viðhaldsfjárfestingar 7,0 milljónir. Stærstu fjárfestingar tímabilsins voru í nýjum Gantry gámakrana í Sundahöfn, standsetningu á hafnaraðstöðu Sundabakka og nýsmíði tveggja skipa.

Nettó fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 11,9 milljónir evra samanborið við 12,4 milljónir evra jákvæðar fjármögnunarhreyfingar á sama tímabili 2018.

Handbært fé var 27,0 milljónir evra í lok tímabilsins samanborið við 21,9 milljónir í árslok 2018.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2019

Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2019 er áfram EBITDA á bilinu 51 til 57 milljónir evra.

Horfur fyrir árið 2019 í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi eru tvískiptar. Íslenska hagkerfið er að kólna og áætlað er að magn í innflutningi verði áfram lægra en á síðasta ári. Útflutningur, sem minnkaði í júní og júlí eftir sterka fyrstu fimm mánuði ársins, byrjaði að taka við sér seinni hluta ágúst og áætlað er að hann verði svipaður og á síðasta ári út árið 2019. Gámasiglingakerfið er í endurskoðun til að aðlaga fyrir lægra flutningsmagni, sérstaklega í innflutningi til Íslands, með það að markmiði að lækka fastan rekstrarkostnað. Trans-Atlantic flutningar hafa verið að skila góðri afkomu og væntingar standa til þess að það haldi áfram. Gert er ráð fyrir áframhaldandi ábata af hagræðingu í frystiflutningum í Noregi miðað við fyrra ár. Einnig er gert ráð fyrir hóflegum afkomubata í alþjóða flutningsmiðlun á seinni hluta 2019.

Skipulagsbreytingar sem ráðist var í, í byrjun árs og í apríl með það að markmiði að bæta rekstur og auka arðsemi til lengri tíma hafa skilað sér í lækkun launakostnaðar og færri stöðugildum á öðrum ársfjórðungi ásamt því að annar rekstrarkostnaður hefur lækkað. Gert er ráð fyrir áframhaldandi ábata af því á seinni helmingi ársins.

Undanfarin ár hafa einkennst af miklum ytri vexti en nú er aukin áhersla lögð á að bæta arðsemi í núverandi starfsemi.

Á árinu 2019 verður fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum mikil vegna uppbyggingar á hafnarsvæði í Sundahöfn, kaupum á stórum hafnarkrana og kaupum á tveimur nýjum skipum.

Áfram er almenn óvissa varðandi efnahagsaðstæður á Íslandi og á heimsvísu s.s. hvernig Brexit framvindur, þróunar á viðskipta- og tollastríðum, þróunar á flutningsmagni, verði á flutningum, olíukostnaði, gengis- og vaxtaþróun og samkeppni.

HLUTHAFAR

Markaðsvirði Eimskips var um 240,1 milljónir evra eða 33,1 milljarðar króna við lok viðskipta þann 23. maí 2019.

Lokaverð bréfa Eimskips í árslok 2018 var 228,0 krónur á hlut og nam meðaltalslokaverð ársins 2018 220,1 krónu á hlut. Lokaverð þann 29. ágúst 2019 var 180,00 krónur á hlut, sem jafngildir 27,6% lækun frá áramótum.

Fjöldi útgefinna hluta er 187.000.000, þar af eru 183.961.921 útstandandi hlutir og 3.038.079 eigin hlutir. Fjöldi hluthafa í árslok 2018 var 703 en hluthafar voru 697 talsins þann 29. ágúst 2019.

Aðalfundur Eimskips, sem haldinn var þann 28. mars 2019, samþykkti arðgreiðslu sem nam 3,50 krónum á hlut. Nam heildararðgreiðslan 653,2 milljónum króna eða um 4,8 milljónum evra. Arðgreiðsludagur var 10. apríl 2019.

Endurkaupa áætlun var virkjuð á Q2 og henni lauk snemma á Q3. Eimskip keypti samtals 2.677.309 hluti í félaginu að fjárhæð 500 milljónum króna eða 3,6 milljónum evra. Bréfin eru skilgreind sem eigin hlutir.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTUR	Q2 2019	Q1 2019	Q4 2018	Q3 2018	Q2 2018
Rekstrartekjur	167,535	163,988	178,827	182,164	172,631
Rekstrargjöld	149,043	148,466	169,387	164,530	157,718
EBITDA	18,492	15,522	9,440	17,634	14,913
EBIT	5,101	2,444	513	9,738	6,995
Hagnaður (tap) tímabilsins	2,651	(2,513)	(1,896)	6,269	4,615
EBITDA / rekstrartekjur	11.0%	9.5%	5.3%	9.7%	8.6%
EBIT / rekstrartekjur	3.0%	1.5%	0.3%	5.3%	4.1%
EFNAHAGUR	30.06.2019	31.03.2019	31.12.2018	30.09.2018	30.06.2018
Eignir	527,021	519,068	486,296	487,944	477,105
Eigið fé	232,856	233,301	238,926	242,538	237,086
Skuldir	294,165	285,767	247,370	245,406	240,019
Vaxtaberandi skuldir	197,734	194,537	159,593	152,219	150,347
Nettóskuldir	170,761	167,853	137,652	132,889	128,830
Eiginfjárhlutfall	44.2%	44.9%	49.1%	49.7%	49.7%
SJÓÐSTREYMI	Q2 2019	Q1 2019	Q4 2018	Q3 2018	Q2 2018
Handbært frá rekstri	22,537	15,394	8,375	10,647	8,019
Fjárfestingarhreyfingar	(12,290)	(7,865)	(13,683)	(13,467)	(10,914)
Fjármögnunarhreyfingar	(8,756)	(3,189)	7,522	708	1,869
Handbært fé í lok tímabils	26,973	26,684	21,941	19,330	21,517

UM EIMSKIP

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim með þá framtíðarsýn að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu. Eimskip var stofnað árið 1914 og er með hlutabréf sín skráð á Nasdaq Iceland. Félagið rekur 63 starfsstöðvar í 20 löndum í fjórum heimsálfum, er með 18 skip í rekstri og hefur á að skipa um 1.800 starfsmönnum.

KYNNINGARFUNDUR 30. ÁGÚST 2019

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 30. ágúst 2019 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Vilhelm Már Þorsteinsson forstjóri mun kynna uppgjör félagsins fyrir annan ársfjórðung 2019. Uppgjörsgögn og upptöku af fundinum verður hægt að nálgast eftir fundinn á fjárfestasiðu Eimskips, www.eimskip.com/investors.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir annan ársfjórðung 2019 á stjórnarfundum þann 29. ágúst 2019.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Q2 2019: Uppgjör birt 29. ágúst 2019
- Q3 2019: Uppgjör birt 21. nóvember 2019
- Q4 2019: Uppgjör birt 27. febrúar 2020
- Aðalfundur: 27. mars 2020

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Egill Örn Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, sími: 525 7202
- Edda Rut Björnsdóttir, markaðs- og samskiptastjóri, sími: 825 3399, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar tilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við sem segir í fyrirvara þessum.